



Kópavogi, 20. mars 2026
2503912/003.00 AKÓ

Til menntaráðs,

Lagt fram til kynningar í menntaráði aðgerðaráætlun fyrir verkefnið Barnvænt sveitarfélag 2026, sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tryggir réttindi og velferð barna í sveitarfélaginu.

Kópavogsbær hlaut viðurkenningu UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag árið 2021 og endurnýjaða viðurkenningu 31.maí 2024.

Aðgerðaráætlun Barnvæns sveitarfélags 2026 byggir á niðurstöðum stöðumats, viðhorfskönnunum barna, sem og faglegu mati starfsfólks sveitarfélagsins.

Aðgerðaráætlun Barnvæns sveitarfélags 2026 var samþykkt í bæjarráði 26.febrúar 2026, að undanskilinni aðgerð nr. 5 sem er vísað til bæjarstjóra til frekari skoðunar.

Stýrihópur verkefnisins Barnvænt sveitarfélag ber ábyrgð á innleiðingu aðgerða. Markmið Kópavogsbæjar er að endurnýja viðurkenningu sína í maí 2027 og ná þeim áföngum sem lýst er í aðgerðaráætlun fyrir þann tíma.

Virðingarfyllt,

Amanda K. Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri menntasviðs

